

8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um að búfjárheld girðing sé umhverfis þéttbýli í hreppnum. Girðing hreppsins umhverfis þéttbýlið skal vera orðin fjárheld, ef snjóalög hamla ekki, jafn fljótt og mögulegt er að vori og vera það þar til snjóar hamla því að hausti.

Hreppsnefnd skal skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald í þéttbýli. Í skipulagi nýju byggðarinnar innan Eyrardalsár er gert ráð fyrir því á Eyrardalstorfunni. Á Eyrardalstorfu skulu þeir sem eru með búfé girða lóðir sínar með viðeigandi girðingum til að tryggja að búfé gangi ekki laust á torfunni.

9. gr.

Þeir aðilar sem nú eru með búfjárhald í gömlu byggðinni utan Eyrardalsár eiga rétt á að hafa það þar áfram en um það gilda að öðru leyti ákvæði þessarar samþykktar.

10. gr.

Þeir aðilar sem leyfi fá til búfjárhalds samkvæmt samþykkt þessari skulu koma upp girðingum og gerðum til að tryggja aðhald við búfé áður en leyfi er veitt.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46 25. mars 1991 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Með samþykkt þessari fellur úr gildi reglugerð um búfjárhald í Súðavíkurhreppi nr. 379 14. júní 1990.

Landbúnaðarráðuneytinu, 5. júlí 1999.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

AUGLÝSING

um skilmála um afhendingu og sölu raforku og varmaorku á orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

1. gr.

Almennt.

Söluskilmálar þessir gilda fyrir orkuveitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur.

Söluskilmálarnir taka til afhendingar og sölu raforku og varmaorku.

Skilgreiningar

Notandi:

Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli.

Orkukaupandi:

Viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla.

Húsveita:

Búnaður notanda sem tengist einum mæli.

Ársnotkun:

Fjöldi kWh eða m³ sem notaðar eru á einu ári (365) dögum.

Afltoppur:

Mesta mældu afl (kW) á árinu.

Almennt skiptist orkuverð í tvo þætti, fast gjald og orkugjald:

- Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan orkunotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á orku.
- Orkugjald (kr/kWh eða kr/m³) greiðist fyrir hverja melda orkueiningu og er í beinu hlutfalli við orkunotkun.

Að auki greiða viðskiptavinir með mikla raforkunotkun aflverð miðað við þann afltopp sem þeir nýta hverju sinni.

2. gr.

Varmaorka.

2.1 Fast gjald.

Fast gjald er háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í þrjá flokka:

A:	15 mm til 20 mm
B:	25 mm til 50 mm
C:	65 mm og stærri

Fasta gjaldinu er dreift jafnt niður á tímabil reikninga.

2.2 Breytilegt gjald.

Varmaorka er afhent í formi heits vatns sem selt er samkvæmt rúmmetra mælingu. Ekki er veittur afsláttur vegna takmörkunar á afhendingu varmaorkunnar og /eða lækkunar á hita vatnsins. Sækja skal skriflega um taxa annan en IH1, Almenn heitavatnsnotkun.

IH1. Almenn heitavatnsnotkun.

Taxtinn gildir fyrir upphitun, almenna heimilisnotkun og snjóbræðslur.

IH2. Almenningsundlaugar.

Taxtinn gildir fyrir almenningsundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

IH3. Gróðurhús.

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkju afurðir.

IH4. Sundlaugar.

Taxtinn gildir fyrir sundlaugar, set- og vaðlauga. Heimilt er að tengja baðvatn taxtanum ef sundlaugin er aðalþáttur starfseminnar.

IV2. Fiskeldi.

Taxtinn gildir fyrir fiskeldisfyrirtæki í framleiðslu.

IV3. Íþróttavellir.

Taxtinn gildir fyrir upphitaða íþróttavelli utandyra.

IV4. Iðnaðarvatn.

Taxtinn gildir fyrir iðnaðarfyrirtæki sem nýta vatnið í framleiðsluferlum og þar með til verðmætasköpunar.

3. gr.
Raforka.

3.1 Almenn raforkunotkun.**A.1 Almenn notkun**

Taxti A.1 gildir fyrir alla almenna raforkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. (Sjá einnig taxta B.1, Afl- og orkunotkun, varðandi notendur með ársnotkun minni en 200.000 kWh).

Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem keypt hefur orku samkvæmt taxta A.1, er heimilt að kaupa orku samkvæmt þeim taxta þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun. Verði notkun meiri en 220.000 kWh á ári, er notkun verðlögð samkvæmt taxta B.1.

A.4 Blönduð notkun

Taxti A.4 gildir fyrir rafmagnsnotkun þar sem blandast saman almenn notkun og notkun til rafhitunar. Öll raforka er afhent órofin.

Orkukaup til rafhitunar í sumarhúsum samkvæmt taxta R.1 eru ekki heimil.

Sé notkun takmörkuð geta notendur keypt raforku til sumarhúsa samkvæmt taxta A.1.

3.2 Afl- og orkunotkun.

Afltaxtar geta skipst í þrjá þætti, fast gjald, aflgjald og orkugjald.

B.1 Afl- og orkumæling

Taxti B.1 gildir fyrir orkunotkun sem er 200.000 kWh á ári og meiri.

Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxta og afltaxta.

Taxti B.1 skiptist í þrjá þætti: fast gjald, aflgjald og orkugjald:

- Fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á aflri og orku.
- Aflgjald (kr/kWh/ár) greiðist fyrir hverja melda afleiningu.
- Orkugjald (kr/kWh) greiðist fyrir hverja melda orkueiningu. Greitt er mismunandi verð fyrir sumar- og vetrarnotkun. Vetrarorkuverð gildir á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl, sumarorkuverð gildir á tímabilinu frá 1. maí til 30. september.

Afl er reiknað á ársgrundvelli og greiðir notandinn fyrir hæsta afltopp (kW) á árinu, nema forstjóri Orkuveitunnar ákveði annað. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Lesið er mánaðarlega á aflmæla. Hæsti mánaðartoppur er síðan færður sem afltoppur ársins.

Notandi greiðir mánaðarlega fyrir orkunotkun (kWh) síðasta tímabils (mánaðar) samkvæmt álestri. Jafnframt greiðir hann inn á áætlaðan afltopp ársins (kW). Áætlunin byggist á hæsta mánaðartoppi, sem mælst hefur á yfirstandandi ári. Reynist mældur mánaðartoppur hærri en hinn áætlaði greiðir notandi mismuninn.

Notanda með ársnotkun minni en 200.000 kWh er heimilt að kaupa raforku samkvæmt taxta B.1, sé það honum hagstætt. Notandi skal þá greiða lágmark 200.000 kWh á ári en afltoppur greiðist samkvæmt mælingu.

Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem keypt hefur orku samkvæmt taxta A.1, er heimilt að greiða samkvæmt þeim taxta þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun. Fari notkun yfir 220.000 kWh á ári er notkun flutt á taxta B.1.

B.2 Útlýsing

Taxti B.2 gildir fyrir alla útlýsingu, þar með talda götulýsingu. Rof tími er breytilegur og fylgir dagsbirtu.

Taxti B.2 skiptist í tvo þætti, aflgjald og viðhaldsgjald:

- Aflgjald (kr/kW/ár) er gjald greitt fyrir aflnotkun ljósbúnaðar.
- Viðhaldsgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir þjónustu Orkuveitunnar vegna viðhalds og eftirlits á viðkomandi ljósbúnaði.

3.3 Rofin orkunotkun.

R-taxtar gilda fyrir rofna orkuafhendingu. Sala rafmagns samkvæmt R-töxtum er bundin því skilyrði að veitukerfið þoli álagið að dómi Orkuveitunnar.

Öll tæki og búnaður skulu vera fasttengd. Ekki er heimilt að hafa tengla í veitum þar sem notkun greiðist samkvæmt R-töxtum.

- Notandi með orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári greiðir eitt orkugjald. Notandi með 200.000 kWh árs notkun og meiri greiðir mismunandi verð fyrir sumar- og vetrarnotkun. Vetrarorkuverð gildir á tímabilinu frá 1. maí til 30. september.

Rafmagn samkvæmt taxa R.1 og R.2 er rofið tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti. Rofið er á tímabilinu frá kl. 10.00 til 12.30 og frá kl. 17.00 til 19.30.

Notandi getur valið um tvö tímabil innan ársins, sem rafmagn er rofið á:

- Nóvember-febrúar- og desember-janúar.

Orkugjald er mismunandi eftir því hvort roftímabilið er valið. Utan viðkomandi tímabils er rafmagn órofið allan sólarhringinn.

R.1 Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári

Taxti R.1 gildir fyrir rofna orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári. Notandi greiðir eitt orkuverð.

Roftímar eru samkvæmt skilgreiningu hér að framan.

Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem keypt hefur orku samkvæmt taxa R.1, er heimilt að greiða samkvæmt þeim taxa þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun. Fari notkun yfir 220.000 kWh á ári er notkun flutt á taxa R.2.

R.2 Rofin orkunotkun 200.000 kWh á ári og meiri.

Taxti R.2 gildir fyrir rofna orkunotkun sem er 200.000 kWh á ári og meiri. Notandi greiðir vetrarorkuverð (október-apríl) og sumarorkuverð (maí-september).

Roftímar eru samkvæmt skilgreiningu hér að framan.

Notandi, sem greiðir samkvæmt taxa R.2, er fluttur á taxa R.1 verði ársnotkun minni en 200.000 kWh og sé taxti R.2 honum óhagkvæmur. Ella er notkun áfram á taxa R.2 þar til ársnotkun verður minni en 180.000 kWh, þá er notkun flutt á taxa R.1.

R.3 Næturorkunotkun minni en 200.000 kWh á ári

Taxti R.3 gildir fyrir rafmagn að nóttu þar sem ársnotkun er minni en 200.000 kWh. Notandi greiðir eitt orkuverð.

Orkuafhending samkvæmt taxa R.3 er rofin í allt að 12 klukkustundum á sólarhring á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 21.00. Rof tíminn gildir allt árið.

Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem greitt hefur orkunotkun samkvæmt taxa R.3, er heimilt að greiða samkvæmt þeim taxa þar til hann nær 220.000 kWh ársnotkun. Verði ársnotkun meiri en 220.000 kWh er notkun flutt á taxa R.4.

R.4 Næturorkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri

Taxti R.4 gildir fyrir rafmagn að nóttu þar sem ársnotkun er 200.000 kWh á ári eða meiri. Notandi greiðir vetrarorkuverð (október-apríl) og sumarorkuverð (maí-september).

Rafmagn samkvæmt taxa R.4 er rofið allt að 12 klukkustundum á sólarhring á tímabilinu frá kl. 9.00 til kl. 21.00. Rofítíminn gildir allt árið.

Notandi á taxa R.4 er fluttur á taxa R.3 verði ársnotkun minni en 200.000 kWh og sé taxti R.4 honum óhagkvæmur. Ella er notkun áfram á taxa R.4 þar til ársnotkun verður minni en 180.000 kWh en þá er notkun flutt á taxa R.3.

3.4 Tímaháð orkunotkun.

T-taxtar gilda fyrir tímaháða orkuafhendingu. Sala rafmagns samkvæmt T-töxtum er ekki bundin neinum sérstökum skilyrðum.

Orkuverð T-taxta er háð tímasetningu orkuafhendingar og getur verið breytilegt innan sólarhringsins og eftir árstíðum. Orkuverðið er háð álagi á rafdreifikerfið og hækkar með vaxandi álagi, en lækkar með minnkandi álagi.

4. gr.

Önnur gjöld.

4.1 Tengigjöld.

Tengigjöld skulu greidd fyrir hverja tengingu húsveitu við dreifikerfi Orkuveitunnar.

Tengigjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt af Orkuveitunni og áður en til orkuafhendingar kemur.

Heimtaug rafmagns.

Málstærð heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Hámarksstærð heimtaugar samkvæmt verðskrá er 2400 A. Óski notandi eftir stærri heimtaug er gerður um það sérstakur samningur. Slíkur samningur tekur til afhendingarspennu, afhendingar heimtaugar, heimtaugagjalds, mælingar og orkuverðs.

Heimtaug heits vatns.

Stærð heimtaugar miðast við hámarksrennsli til húsveitunnar og ákvarðast af Orkuveitunni. Hámarksstærð heimtaugar samkvæmt verðskrá er 80 mm, sé óskað eftir sverari lögn eða meira rennsli en 80 mm lögnin annar, skal gerður sérstakur samningur um tenginguna. Að auki greiðist sérstaklega fyrir hverja tengigrind sem tengd er heimtauginni.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi verðskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% samkvæmt nánari ákvörðun Orkuveitunnar.

Þegar um langar lagnir vegna heits vatns er að ræða er áskilinn réttur til að hafna tengingu eða tengja með takmörkunum svo sem um hitastig og þátttöku húseiganda í kostnaði við tengingu. Miða skal við 65°C inntakshita við meðalálag. Sé reiknaður inntakshiti undir 65°C greiðir húseigandi kostnað við jarðvinnu og yfirborðsfrágang fyrir þá vegalengd sem er umfram þann punkt sem nær 65°C.

Þar sem ekki er dagleg viðvera getur Orkuveitan krafist þess að settir verði upp tengikassar utandyra, á kostnað notanda sem innihalda nauðsynlegan mælibúnað og eru aðgengilegir starfsmönnum Orkuveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð (spennistöð) vegna tiltekinnar húsveitu, og ef hún er að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, er eiganda hennar skylt að leggja Orkuveitunni til lóð eða húsnæði undir stöðina samkvæmt sérstöku samkomulagi. Hann skal í öllu hlíta skilmálum Orkuveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

H.1 Heimtaugar

Þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt verð fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi verðskrá þegar breytingin fer fram.

H.2 Bráðabirgðaheimtaugar rafmagns

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug.

Lengdargjald fyrir loflínuheimtaug reiknast fyrir hvern stólpa umfram einn frá lágspennukerfi Orkuveitunnar að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

H.3 Sumarhúsaheimtaugar rafmagns

Heimtaugar til sumarhúsa eru 1-fasa, 35 A (8 kVA). Stærri heimtaugar til sumarhúsa en 35 A, svo og 3-fasa heimtaugar, greiðast samkvæmt kostnaði.

Mælatafla, sem Orkuveitan leggur til, er innifalin í gjaldinu. Mælataflan er staðsett utanhúss.

Verði kostnaður við tengingu einstaks sumarhúss við kerfi Orkuveitunnar meira en 50% hærrí en sumarhúsaheimtaugagjald, samkvæmt gildandi verðskrá, er tengingin háð sérstöku samþykki Orkuveitunnar.

4.2 Mælaleiga.

Orkuveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja sem notuð eru við sölu raforku og varmaorku samkvæmt verðskrá. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í föstum gjöldum samkvæmt 2. gr. verðskrár.

Óski notandi þess leigir Orkuveitan honum mælitæki til annarra nota en að framan greinir. Ársleiga fyrir slík mælitæki greiðist samkvæmt verðskrá.

Ársleiga fyrir önnur tæki en talin eru í verðskrá er háð nánari ákvörðun Orkuveitunnar.

4.3 Skammtímanotkun rafmagns.

Viðskiptamaður getur fengið tengingu við dreifikerfi Orkuveitunnar vegna skammtímanotkunar.

Fyrir slíka tengingu er greitt tengigjald. Tengigjaldið er innheimt fyrir tengingu og fyrir aftengingu. Sé tenging (eða aftenging) framkvæmd utan venjulegs dagvinnutíma greiðist álag á tengigjaldið. Dagvinnutími er frá kl. 8.00 til kl. 16.00 alla virka daga.

Innifalið í tengigjaldi er leiga á sérsmíðaðri töflu og búnaði, tenging eða aftenging, úttekt á viðkomandi rafkerfi og akstur.

4.4 Álestrargjald.

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í orkugjöldum samkvæmt 2. gr. verðskrár. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni á ári hjá minni notendum en tvisvar á ári hjá stærri notendum. Lesið er mánaðarlega á mælitæki samkvæmt taxa B.1.

Óski notandi þess að oftast sé lesið á mælitæki er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

4.5 Innheimtugjald.

Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða gjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt fyrri málsgrein.

5. gr.

Ýmis ákvæði.**5.1 Launafl.**

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Skilmálar þessir eru staðfestir af iðnaðarráðuneytinu til að öðlast gildi við birtingu, sbr. reglugerð nr. 793 30. desember 1998. Jafnframt eru úr gildi felldir eldri skilmálar sem samrýmast ekki skilmálum þessum.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. júlí 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.
AUGLÝSING

**um staðfestingu á samkomulagi milli Borgarbyggðar
og Hvítársíðuhrepps um mörk sveitarfélaganna
á afréttum Upprekstrarfélags Þverárréttar.**

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 7. júlí 1999 staðfest hluta samkomulags milli Borgarbyggðar, Þverárhlíðarhrepps og Hvítársíðuhrepps um mörk sveitarfélaganna á afréttum Upprekstrarfélags Þverárréttar, sbr. samning milli sveitarstjórna framangreindra sveitarfélaga, dags. 13. nóvember 1996. Þann 7. júní 1998 tók gildi samning Álfaneshrepps, Borgarbyggðar, Borgarhrepps og Þverárhlíðarhrepps og hlaut hið nýja sveitarfélag nafnið Borgarbyggð. Hið nýja sveitarfélag nær yfir allt landsvæði hinna eldri sveitarfélaga og yfirtók öll réttindi og allar skyldur þeirra, sbr. auglýsingu nr. 195/1998, og því er einungis staðfestur sá hluti samningsins sem varðar mörk Borgarbyggðar og Hvítársíðuhrepps.

Í samningnum segir meðal annars svo:

„Sveitarstjórnir Borgarbyggðar, Þverárhlíðarhrepps og Hvítársíðuhrepps eru sammála um að sveitarfélagamörk á afréttum Upprekstrarfélags Þverárréttar (sbr. 3. gr. laga nr. 8/1986) skuli vera

sem hér segir:

...

Milli Þverárhlíðarhrepps og Hvítársíðuhrepps: